



# DET KONGELIGE ENERGIDEPARTEMENT

Statsråden

Norðurlandaráð  
Ved Stranden 18  
DK-1061 Kaupmannahöfn

Tilvísun yðar

Tilvísun okkar

Dagsetning

20. júní 2024

## Svar við skriflegri fyrirspurn um jarðefnavinnslu í sjó

Vísað er til fyrirspurnar E1/2024 frá þingmanninum Doris Jakobsen:

- „Hvernig ætlar norska ríkisstjórnin að tryggja að möguleg námuvinnsla í sjó skaði ekki útgerð og aflabrogð á Norðurlöndum?“
- Mun norska ríkisstjórnin hafa frumkvæði að samstarfi við ríkisstjórnir hinna norrænu ríkjanna um miðlun reynslu á grundvelli tilrauna Norðmanna þannig að tryggt verði að námuvinnsla í sjó hafi sem minnst áhrif á útgerð og aflabrogð á Norðurlöndum?“

### Svar:

Í Noregi er löng hefð fyrir ábyrgri auðlindastjórnun sem skapar grundvöll fyrir nýtingu náttúruauðlinda um leið og tekið er tillit til umhverfissjónarmiða og annarra hagsmuna. Þetta mun einnig eiga við um mögulega jarðefnavinnslu í sjó í framtíðinni.

Starfsemi tengd vinnslu jarðefna á hafsbotni er nýr iðnaður, bæði innanlands og alþjóðlega. Í norskum lögum um jarðefnavinnslu í sjó, sem gilda um slíka starfsemi á norska landgrunninum, er lagður grundvöllur fyrir því að slík starfsemi fari fram á ábyrgan og umhverfislega öruggan máta.

Í 1-7. gr. laganna er sú krafa gerð til fyrirtækja að jarðefnavinnsla trufli eða hindri ekki að óþörfu eða í óeðlilegum mæli aðra starfsemi, svo sem sjósiglingar og fiskveiðar. Grípa þarf til allra raunhæfra ráðstafana til að forðast skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni í hafi eða menningarverðmæti á sjávarbotni og forðast mengun.

Áhrifamatið sem var framkvæmt sem hluti af opunarferli jarðefnavinnslustarfsemi á norska landgrunninum sýndi litla nýtingu fisks og annars sjávarfangs á svæðinu sem nú er opið fyrir

leyfisveitingar og áhætta gagnvart fæðuöryggi er talin lítil. Í lögum um jarðefnavinnslu í sjó er staðinn vörður um jafnvægi milli hagsmuna á norskum hafsvæðum samkvæmt sömu meginreglum og er að finna í öðrum lögum um nýtingu náttúruauðlinda á landgrunninum. Þetta eru rótgrónar meginreglur sem hafa lagt grundvöllinn að góðu jafnvægi milli hagsmuna á norskum hafsvæðum í áratugi.

Vinna er nú hafin við að útfæra regluverkið nánar, þar sem þetta jafnvægi er í forgrunni. Í næsta áfanga þessarar þróunar regluverksins verður staðið fyrir víðtæku opinu samráði þar sem allir hagsmunaaðilar fá tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um tillögurnar. Málefni áður nefnds jafnvægis verður tekið til umfjöllunar með öðrum viðeigandi málefnum.

Norðurlöndin koma saman á ýmsum vettvangi, meðal annars Norðurlandaráði, Norðurskautsráði, OSPAR og Alþjóðahafsbotnsstofnuninni, þar sem jarðefnavinnsla í sjó er sett á dagskrá og þar sem miðla má reynslu og þekkingu á þessari nýju starfsemi.

Einnig má nefna að Sökkeldirektoratet, fagsvið norska orkumálaráðuneytisins um jarðefnavinnslu í sjó, hefur gert alþjóðasamning (Memorandum of Understanding (MoU)) við De Nationale Geologiske Undersøgelser for Danmark og Grønland, grænlenka ráðuneyti atvinnumála, viðskipta, hráefna, dómsmála og jafnréttis og Náttúrustofnun Grænlands um samstarf um aukna þekkingu á jarðefnum á hafsbotni. Markmið verkefnisins er að byggja upp sameiginlega þekkingu um aðstæður við jarðefnavinnslu í sjó og mun það eiga mikilvægan þátt í að auka og miðla þekkingu milli norrænu landanna.

Með kveðju,

Terje Aasland